



850. fundur stjórnar GSÍ, 18. júní 2014, kl.17:00 á skrifstofu GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Rósa Jónsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Gylfi Kristinsson og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði hann fundargerð.

1. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2014

Hörður lagði fram endurskoðun fjárhagsáætlunar 2014. Óverulegar breytingar eru gerðar á áætluninni og áfram stefnt að svipaðri rekstrarniðurstöðu og kynnt var á golfþingi. Endurskoðuð fjárhagsáætlun var samþykkt.

2. Samráðsfundir GSÍ

Haukur Örn gerði grein fyrir þeim samráðsfundum sem hafa verið haldnir frá síðasta stjórnarfundi. Fundað var með golfklúbbum í Mosfellsbæ og Kjalarnesi, þ.e. Golfklúbbnum Kili, Golfklúbbi Bakkakots og Golfklúbbi Brautarholts. Fundurinn var haldinn á skrifstofu GSÍ 4. júní s.l. og voru mjög góðar umræður á fundinum. Það kom m.a. fram á fundinum að klúbbarnir gerðu ráð fyrir fjölgun í þeirra röðum frekar en hitt.

Þá var fundur með stjórnarmönnum frá Nesklúbbnum og Golfklúbbi Setbergs 5. júní á skrifstofu GSÍ og var sama upp á teningnum á þeim fundi, góðar umræður voru á fundinum og gagnlegar.

Sérstök fundargerð er haldin um þessa fundi og var hún kynnt á stjórnarfundinum.

3. Útgáfumál, golf.is

Gerð var grein fyrir síðasta blaði af Golf á Íslandi sem kom út í lok maí. Blaðið hefur fengið ágætis umfjöllun, en þema blaðsins var kvennagolf og hvernig hægt væri að fjölga konum í golfíþróttinni.

Ágætlega hefur gengið að safna auglýsingum í næsta blað og verður það 148 blaðsíður. Reynt er að forðast að hafa auglýsingahlutfallið yfir 50% af innihaldi þess.

Golf.is hefur verið í þróun á tímabilinu og var ætlunin að taka í notkun félagakerfi undir hatti golf.is og eins að kynna eftirlitskerfi tengt rásskráningu í kerfinu. Því miður hefur dregist að fá þessar breytingar afhentar, en gert er ráð fyrir að þær verði tilbúnar í lok júní.

4. Verkefni á afrekssviði

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum afrekssviðs á næstu vikum og misserum. Í lok júní taka um 15 kylfingar þátt í sterku unglíngamóti í Finnlandi og í beinu framhaldi af því verkefni eru Evrópukeppnir karla, kvenna og pílta, en GSÍ sendir sex manna lið á þessi mót.

Seinna í júlí verða síðan fjórir unglíngar sendir á European Young Masters í Þýskalandi og tveir unglíngar á Junior Open í Englandi. Í ágúst verða síðan sendir tveir til fjórir kylfingar á Evrópumót



einstaklinga og í september tekur kvennalandsliðið þátt í Heimsmeistarakeppni áhugamanna í Japan.

5. Íslandsmót 2014 - Leirdalsvelli

Undirbúningur fyrir Íslandsmótið í högggleik gengur ágætlega og er á áætlun. Völlurinn varð fyrir nokkrum kalskemmdum í vor, en unnið hefur verið ötullega að því að sá og vinna upp sár á vellinum.

Völlurinn er nokkuð erfiður viðureignar hvað varðar sjónvarpsútsendingu og ljóst að lögð verður áhersla á að mynda frá síðustu sex holunum en öðrum holum sinnt með lausum vélum.

6. Íslandsmót 35 og eldri

Ástand valla á Vestfjörðum er ekki gott og nokkuð mikið kal á Tungudalsvelli. Þá er völlurinn í Syðri-Dal utan við Bolungarvík, mjög blautur þar sem mikil snjór í fjöllum hefur aukið vatnsmagn í ánni við völlinn. Stjórnir klúbbanna munu hittast 19. júní og meta stöðuna, en líklegt er að þeir óski eftir að mótið verði fært á annan völl.

Samþykkt að fela mótanefnd að fylgjast náið með málinu og ákveða nýjan mótsstað ef til þess kemur að færa þarf mótið.

7. GSÍ mót

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þeim mótum sem þegar er lokið. Eimskipsmótaröðin fór af stað í maí og vorum við óheppin með veður á fyrstu tveimur mótunum. Þriðja mótið fór fram á Hamarsvelli í Borgarfirði og voru aðstæður ágætær, þó svo Borgnesingar hafi ekki farið varhluta af erfiðum vetri hvað varðar klakasöfnum á vellinum.

Annað mótið á Íslandsbankamótaröðinni var haldið á Hlíðarvelli í Mosfellsbæ og tókst það mjög vel, frábært veður og góð aðsókn í mótinu.

Forseti áréttaði fyrir stjórnarmönnum að skrá sig á mót, bæði til að fylgjast með þeim og sjá um verðlaunaafhendingar að mótum loknum.

8. Sjónvarpsmál

Forseti gerði grein fyrir niðurstöðu á útsendingum frá Eimskipsmótaröðinni í sumar og umfjöllun um golf í sjónvarpi. Gengið var til samninga við RÚV og verða sérstakir þættir um golf á dagskrá og hefjast þeir í byrjun júlí. Auk þess mun RÚV gera mótaröðum golfsamandsins skil í fréttatímum sínum. Þá verður sýnt beint frá Íslandsmótinu í högggleik á RÚV og mótinu gerð góð skil.

9. Barna og unglingaráðstefna í Svíþjóð

Lögð fram dagskrá ráðstefnu sem haldin er annað hvert ár á Norðurlöndum, þar sem fjallað er um íþróttir barna- og unglinga. Fjallað er um stöðuna í átta íþróttagreinum og að þessu sinni er golf ein af þeim greinum sem fjallað verður sérstaklega um. Fyrir hönd GSÍ fer landsliðsþjálfari, Úlfar Jónsson og formaður afreksnefndar, Theódór. Samþykkt að varafulltrúi verði Rósa.



10. HM 2014, IGF fundur

Forseti gerði grein fyrir að hann myndi sitja fund IGF í Japan í byrjun september, samhliða heimsmeistaramóti áhugamanna. Þá mun hann jafnframt vera liðstjóri kvennasveitar Íslands á mótinu svo unnt sé að halda niðri kostnaði vegna þátttökunnar.

11. Næsti fundur

Ekki eru tök á að halda næsta stjórnarfund samkvæmt verkáætlun stjórnar, þar sem forseti verður í Finnlandi á vegum EGA á Evrópukeppni karlaliða. Samþykkt er að fela forseta og framkvæmdastjóra að finna annan fundartíma.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:15.